


## Leiðbeiningar um flutning og niðursetningu skólptanka

1. Tankurinn má ekki verða fyrir hnjaski eða höggum og má ekki hvíla á hvössu undirlagi við flutning eða geymslu.
2. Ganga þarf úr skugga að tankurinn hafi ekki orðið fyrir hnjaski eða tjóni við flutning áður en honum er komið fyrir.
3. Ef tanki er komið fyrir þar sem jarðvegur er laus í sér, t.d. leirkenndur, þarf að útbúa þéttara jarðvegsrými fyrir hann með styrktum köntum. Þetta er nauðsynlegt til að koma í veg fyrir að lausari jarðvegur komist að tankinum og hann missi þannig nauðsynlegan stuðning. Ef líkur eru á frosti við tankinn verður að koma í veg fyrir að ísing eða snjór setjist að honum.
4. Uppfylling ætti að vera grús með að hámarki 20mm kornastærð eða sandur með 8-12mm kornastærð. Ekki má nota efni sem leysast upp eða skolast auðveldlega frá eins og mold, leir eða smásteina. Ekki ætti að nota korn eða mól stærri en 20mm. Þar sem grunnvatnsstaða er há ætti alltaf að nota grjótmulning með kornastærð 8-12 sem uppfyllingu.
5. Þar sem grunnvatnsstaða er há eða getur hækkað mikið verður að festa tankinn niður (sjá mynd). Þar sem grunnvatnsstaða eða jarðvegur getur valdið erfiðleikum þarf að tryggja stöðugt frárennsli og hindra vatnssöfnun við tank.
6. Festing þarf að vera járnþent steypuplata með 800mm meira þvermál en tankurinn.
7. Festingu er hægt að útbúa á 2 vegu. A) Bolta tankinn í steypuþlötuna. B) Fylla upp með steypu meðfram tankbrún.
8. Magn steypu meðfram brún skal vera heildarmagn tanksins x 1,8 (öryggisstuðull).



Í kanntbrún tanks þarf að bora göt fyrir festingar í steypuna.  
 ∅ 1.600mm = 10stk. 12mm þensluboltar með firkantskífu.  
 ∅ 2.000mm = 12stk. 16mm þensluboltar með firkantskífu.

### ATH:

Öll vinna og þjónusta við stöðina skal unnin ofanfrá.

- 1 - steypuhringur
- 2 - þjappað undirlag fyrir tankinn
- 3 - göt í kant fyrir steypufyllingu
- 4 - uppfylling